

Sp.

307. Tillaga til þingsályktunar

um endurgreiðslu tolls af innfluttum tilbúnum húsum.

Flm.: Hermann Jónasson, Lúðvík Jósefsson, Sigurður Bjarnason,
Hannibal Valdimarsson, Páll Zóphóníasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að nota heimild í bráðabirgðaákvæði laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum um endurgreiðslu tolls af innfluttum tilbúnum húsum.

Greinargerð.

Á reglulegu þingi 1945—46 voru samþykkt lög um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Við þau lög voru samþykkt bráðabirgðaákvæði, er mæla svo fyrir, að ríkisstjórninni sé heimilað að endurgreiða toll af innfluttum tilbúnum húsum. Þetta var bæði byggt á því, að hér var þá, og er enn, næg atvinna fyrir iðnaðarmenn, svo að óþarft virtist að tolla tilbúin hús innflutt hærra en efnið, sem í húsin þarf, er tollað óunnið, og eins var þetta hugsað sem aðstoð af hálfu hins opinbera til að flýta fyrir, að hér kæmu fleiri nothæfar íbúðir, er styddu að lausn húsnæðisvandræða þeirra, sem hér voru og eru enn.

Með þetta ákvæði laganna fyrir augum og í því trausti, að það yrði notað, réðust ýmsir í að fá tilbúin timburhús frá Svíþjóð.

Eftir að sú ákvörðun var tekin, hækkaði gengi á sænskum krónum, og er því meiri ástæða til þess nú en þegar lögin voru samþykkt, að Alþingi standi við það fyrirheit, er það gaf með lögunum, og gefi tollinn eftir.

Hús þessi eru löngu komin til landsins og sum þeirra þegar fullgerð, en önnur ekki orðin íbúðarhæf enn, og er sýnt, að þau gera sitt til að auka tölu íbúða í landinu og með því bæta út húsnæðiseklunni.